

Föstudaginn 10. maí 1963.

Nr. 157/1962. **Dánarbú Sigurðar Berndsens**

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

**Loga E. Sveinssyni og Guðmundi Ámundasyni**

(Páll S. Pálsson hrl.).

**og gagnsök.**

**D ó m e n d u r :**

**hæstaréttardómararnir** Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og **Árman Snævarr** prófessor.

Skuldamál.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Sigurður Berndsen er nú andaður, og hefur dánarbú hans tekið við aðild máls þessa.

Gagnáfrýjandi, Logi E. Sveinsson framseldi gagnáfrýjanda Guðmundi Ámundasyni dómkröfu samkvæmt héraðsdómnunum til eignar hinn 3. apríl 1961.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. nóvember 1962, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. s. m. Krefst hann þess, að honum verði einungis dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 19.947.90 ásamt vöxtum frá 15. febrúar 1961 til greiðsludags, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. febrúar 1963, áfrýjaði málinu með stefnu 1. marz 1963. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var þingfest í héraði hinn 21. febrúar 1961. Umboðsmaður gagnáfrýjanda Loga E. Sveinssonar lagði þá fram stefnu og greinargerð ásamt 4 fylgiskjölum. Stefndi í héraði, Sigurður heitinn Berndsen, kom sjálfur fyrir dóm og fékk tveggja vikna frest til að skila greinargerð. Brýndi dómurinn fyrir Sigurði heitnum, „hverju það varðaði, ef þingsókn félli niður af hans hendi“. Þá er málið kom næst fyrir dóm hinn 7. marz s. á., var eigi sótt dómþing af hendi

stefnda í héraði, Sigurðar heitins Berndsens. Tók héraðsdómari þá málið til dóms eftir kröfu gagnáfrýjanda Loga E. Sveinssonar og kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Hér fyrir dómi hefur aðaláfrýjandi lagt fram gögn, er hann telur sanna, að Sigurður heitinn Berndsen hafi verið búinn að greiða gagnáfrýjanda Loga E. Sveinssyni kr. 13.-572.70 áður en dómur gekk í héraði. Hann kveður, að Sigurður heitinn Berndsen hafi verið þjáður af þvagteppu, þá er málið kom fyrir dóm 7. marz 1961, og því eigi getað sinnt málinu. Vísar hann um veikindi Sigurðar heitins til vottorðs Halldórs Arinbjarnar lækni, dags. 18. september 1962, en þar segir, að Sigurður heitinn hafi komið á Landspítalann „acut“ hinn 10. marz 1961 og legið á handlæknisdeild til 2. maí 1961. Gerð hafi verið á honum skurðaðgerð. Af handlæknisdeildinni hafi hann verið fluttur á lyflæknisdeildina, þar sem hann muni hafa legið um tíma, og eftir brottför af spítalanum muni hann mikinn hluta ársins hafa verið sjúklingur. Samkvæmt þessu og með skírskotun til 45. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt krefst aðaláfrýjandi þess, að málið verði nú dæmt í Hæstarétti samkvæmt þeim gögnum, sem hann hefur lagt fram. Gagnáfrýjendur mótmæla því hins vegar, að önnur gögn en þau, sem lágu fyrir héraðsdómara, verði hér fyrir dómi til greina tekin.

Samkvæmt 110. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 111. gr. sömu laga, skulu staðhæfingar um málsatvik og mótmæli jafnan koma fram, jafnskjótt sem tilefni verður, og má annars kostar eigi taka slíkar yfirlýsingar til greina, nema gagnaðili samþykki. Stefndi í héraði, Sigurður heitinn Berndsen, kom sjálfur fyrir dóm á fyrsta dómþingi málsins 21. febrúar 1961. Af reynslupekkingu sjálfs sín og brýningu dómara var honum augljós nauðsyn á undandráttaurlausum málf lutningi. Eigi eru leiddar líkur að því, að veikindi hans hafi borið svo brátt að, að hann hafi eigi mátt fela málf lutningsmanni mál þetta til meðferðar. Verða því málsástæður þær og gögn, sem aðaláfrýjandi flytur fram fyrir Hæstarétti, eigi til greina tekin gegn andmælum gagnáfrýjanda. Samkvæmt þessu og þar sem héraðsdómurinn er í

samræmi við gögn þau, sem fyrir lágu í héraði, ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að í stað 10% ársvaxta komi 9% ársvextir og í stað 8% ársvaxta komi 7% ársvextir.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2500.00.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að öðru en því, að í stað 10% ársvaxta komi 9% ársvextir og í stað 8% ársvaxta komi 7% ársvextir.

Aðaláfrýjandi, dánarbú Sigurðar Berndsens, greiði gagnáfrýjendum, Loga E. Sveinssyni og Guðmundi Ámundasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. marz 1961.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., hefur Logi E. Sveinsson, Fossvogsbletti 29, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 17. f. m., gegn Sigurði Berndsen, Flókagötu 57, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 33.520.60 með 6% ársvöxtum frá 1/12 1958 til 23/2 1960, en 10% ársvöxtum frá 23/2 1960 til greiðsludags, og málskostnaðar.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera fyrir múrverk, er stefnandi hafi annazt fyrir stefnda í kjallara hússins nr. 16 við Vesturbrún, hér í borg.

Stefndi hefur sótt þing, en engum andmælum hreyft gegn dómkröfum stefnanda og verða þær teknar til greina, þó þannig, að vextir reiknast 6% frá 1/12 1958 til 23/2 1960, 10% 23/2 1960 til 29/12 s. á., en 8% frá 29/12 1960 til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 4,600.00.

Einar Oddsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Berndsen, greiði stefnanda, Loga E. Sveinssyni, kr. 33.520.00 með 6% ársvöxtum frá 1/12 1958

til 22/2 1960, 10% ársvöxtum frá 23/2 1960 til 29/12 s. á., en 8% ársvöxtum frá 29/12 1960 til greiðsludags og kr. 4.600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þess að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 13. maí 1963.

Nr. 149/1962. **Kristinn Á. Kristjánsson**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

**Bílaaverinu h/f** (Gísli Ísleifsson hrl.).

**D ó m e n d u r :**

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Ábyrgð geymslumanns. Skaðabótamál.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. október 1962, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1962. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 80.400.00 ásamt 10% ársvöxtum af kr. 71.000.00 frá 2. júní 1960 til 29. desember s. á., en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað i héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Bifreiðaverkstæði stefnda stendur rétt við fjölfarinn veg nokkurn spöl frá mannabyggð, og er það læst og mannlaut á næturþeli. Á bakhlíð þess eru stórar dyr, bæði á réttingarverkstæði og málningarverkstæði. Var hurðunum læst að innanverðu með lokum og járnteinum að ofan og neðan. Á hurðum eru minni dyr, sem ganga má um, þá er